

Nr. 18-017 S 009 Málmei SK 1***Skipverji slasast á þilfari***

Skipaskr.nr. 1833
Utgerð: Fisk-Seafood ehf.
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1987, stál
Stærð: 882,8 brl. 1469,7 bt.
Mesta lengd: 56,5 m Skráð lengd: 54,4 m
Breidd: 12,6 m Dýpt: 7,7 m
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 15



Málmei©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 30. desember 2017 var Málmei SK 1 á togveiðum á NV miðum. Veður: NNA 8 m/sek og þungur sjór.

Skipverjar voru að taka inn trollið og voru að slá síðustu stroffunni á belginn þegar skipið tók óvænt veltu með þeim afleiðingum að einn þeirra kastaðist á lunningu og slasaðist. Í ljós kom að hann hafði brotnað á baki og var frá vinnu í þrjár vikur.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn kvaðst hafa verið að kasta stroffunni undir pokann og beygt sig við það þegar pokinn slóst til og lenti á höfði hans;
- að hvorki skipstjóri né slasaði töldu ástæðu til að breyta einhverju verklagi á þessu vinnusvæði enda gerðist svona mjög sjaldan. Slasaði kvaðst þó vera meira var um sig eftir þetta;
- að slasaði var með öryggishjálmi, í björgunarvesti og með líflínu. Fram kom að það væri skylda um borð við þessar aðstæður;
- að fram kom hjá skipstjóra að ekki hafði verið gert sérstakt áhættumat fyrir þetta svæði.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Nefndin hvetur útgerðarmenn og skipstjóra til að láta gera áhættumat um borð í skipum sínum eins og segir í reglugerð nr. 200/2007 um ráðstafanir til að stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.